

Starfsreglur fyrir málefna- og fastanefndir SGS

Á vegum Starfsgreinasambands Íslands starfa margvíslegar nefndir sem eru kosnar af þingi eða skipaðar af framkvæmdastjórn og formannafundum sambandsins. Þessar nefndir starfa á ábyrgð og kostnað SGS. Þetta eru almennar reglur sem fasta- og málefnanefndir á vegum SGS er ætlað að fylgja í starfi sínu. Reglur þessar verða endurskoðaðar af framkvæmdastjórn gefi reynslan af framkvæmd þeirra tilefni til slíks.

1.gr.

Við skipan í málefnanefndir og fastanefndir sem starfa á milli þinga skal nefndarmönnum sent skipunarbréf þar sem hlutverk þeirra, starfsskyldur, skipunartími og umboð er skilgreint.

2.gr.

Fasta- og málefnanefndir kjósa formann úr sínum hópi sem ákveður fundi nefndarinnar og stýrir þeim. Forfallist formaður um lengri tíma eða hættir störfum í nefndinni skal nefndin kjósa sér nýjan formann í hans stað.

3.gr.

Framkvæmdastjórn skipar starfsmann sem aðstoðar nefndina í störfum hennar, m.a. við undirbúning funda og við að framfylgja ákvörðunum nefndarinnar.

4.gr.

Fasta- og málefnanefndir halda fundargerðir. Í fundagerðunum skal koma fram: Hvar fundurinn var haldinn; hvaða dag; hvenær hann hófst og hvenær honum lauk; hverjir sóttu fundinn; hvaða mál voru til umræðu, og; hverjar voru niðurstöður fundarins/hvaða ákvarðanir voru teknar. Formaður nefndar ber ábyrgð á að fundargerð sé rituð.

5.gr.

Senda skal aðal- og varamönnum afrit af fundargerðum viðkomandi nefndar, sem og framkvæmdastjórn. Fundargerðir og önnur gögn nefnda skulu varðveitt á skrifstofu SGS.

6.gr.

Starfsgreinasambandið greiðir eðlilegan ferða- og upphaldskostnað vegna skipaðra/kosinnanefndarmanna sem koma utan af landi vegna nefndarstarfa, samkvæmt ferðakostnaðarreglum SGS nema annað sé ákveðið af framkvæmdastjórn.

Starfsgreinasambandið greiðir launatap sem nefndarmenn kunna að verða fyrir vegna nefndarstarfa.

Undantekning frá þessari reglu varðar málefnanefndir sem sinna málefnum sem framkvæmdastjórn telur ekki vera sameiginleg, en þær skulu kostaðar af þeim aðildarfélögum sem málinu sinna.

7.gr.

Starfsgreinasambandið skal leggja fasta- og málefnanefndum til nauðsynlega aðstöðu og búnað vegna starfa þeirra. Telji fasta- og málefnanefnd nauðsynlegt að leggja í kostnað umfram hefðbundinn fundakostnað skal ákvörðun um slíkt tekin í samráði við framkvæmdastjóra og formann SGS.

8.gr.

Málefnanefndir geta í samráði við formann og framkvæmdastjóra boðað til samráðs og stærri funda með fulltrúum frá aðildarfélögum um ákveðin málefni. Kostnaður af samráðsfundum málefnanefnda skal borinn af aðildarfélögum sambandsins, annar en almennur fundarkostnaður.

9.gr.

Fasta- og málefnanefndir gera framkvæmdastjórn grein fyrir störfum sínum eftir því sem nefndirnar telja nauðsynlegt og/eða framkvæmdastjórn óskar eftir. Þá skulu nefndirnar skila reglulega skriflegri greinargerð til framkvæmdastjórnar um störf sín í síðasta lagi 15. september ár hvert.

10.gr.

Fasta- og málefnanefndir skulu gera tillögu til framkvæmdastjórnar um helstu áherslur og verkefni í þeim málaflokki/málaflokkum sem heyra undir viðkomandi nefnd. Þau málefni sem framkvæmdastjórn ákveður að leggja fyrir þing og formannafundi skulu undirbúin af viðkomandi nefnd í samráði við framkvæmdastjórn.

Þannig samþykkt á þingi SGS 10. maí 2012.